



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 07.09.2017, kl. 17:30

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þorsteinn Þorbergsson, Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir. Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

### Fundagerð:

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Samþykkt á fundagerð síðasta stjórnarfundar

**Niðurstaða:** fundagerð samþykkt

2. Erindi varðandi blakdeilda

Aðalstjórn barst fyrirspurn frá Blaksambandi Íslands og tveim öðrum aðilum varðandi ákvörðunartöku stjórnar um að bjóða ekki upp á barna- og unglingastarf í deildinni þetta árið.

**Niðurstaða:** framkvæmdastjóra og Sigríði Dís var falið að semja svar til þessara aðila sem útskýra forsendur og niðurstöðu aðalstjórnar í þessu máli.

3. 7 mán uppgjör og lausafjárstaða

Farið var yfir 7 mánaðar uppgjör félagsins og allra deilda. Sunddeild félagsins hefur hlotið talsvert fjárhagslegt tjón af framkvæmdum við Ásgarðslaug.

**Niðurstaða:** Framkvæmdastjóra er falið að senda erindi til ÍTG og athuga með styrkveitingar til deildarinnar til að fara í uppbyggingu á deildinni aftur að framkvæmdum loknum.

Taprekstur er á félaginu í heild upp á 12.3 milljónir fyrstu 7 mánuði ársins.

4. Áætlanir b&u starfsins

**Til upplýsinga:** Framkvæmdastjóri fór yfir áætlunagerð við barna- og unglingastarf deildanna sem hefur verið í vinnslu fyrir komandi vetrarstarf. Almenn tækjustærðir áætlunanna um 3% og er það gert til að mæta launahækkunum og snúa við rekstri barna- og unglingastarfsins sem hefur verið neikvæður í nokkrum deildum.

5. Íþróttasálfræðingur Stjörnunnar & Sideline

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að því að aðalstjórn geri samning við íþróttasálfræðing sem myndi þjónusta deildir félagsins og bjóða upp á einstaklingtíma gegn gjaldi fyrir iðkendur sem áhuga hefðu á þjónustunni. Eftirspurn eftir þessari þjónustu hefur aukist mikið í öllum deildum. Eins kom upp hugmynd að aðalstjórn myndi kaupa áskrift fyrir allar deildir í Sideline en knattspyrnadeild, handknattleiksdeild og körfuboltadeild hafa nýtt sér forritið til þessa.

**Niðurstaða:** framkvæmdastjóra var falið að vinna málið áfram.



6. Önnur mál

A. Erindi leikmanns í mfl kvenna í handknattleik til aðalstjórnar

**Niðurstaða:** Sigríði Dís var falið að svara erindi leikmannsins fyrir hönd aðalstjórnar.

B. Æfingagjöld skipting – ósk frá ÍTG

**Niðurstaða:** Vilji er fyrir því að bjóða upp á skiptingu æfingagjalda og verður undirbúningsvinna fyrir það unnin á komandi vetri og boðið upp á nýtt fyrirkomulag haustið 2018.

C. Knattspyrna hreyfingar

**Til upplýsinga:** framkvæmdastjóri fór yfir mannabreytingar sem orðið hafa á stjórnendastöðum í barna – og unglिंगastarfi knattspyrnudeildar og aðdraganda þeirra breytinga.

D. Verklagsbreytingar eftir leik Stjarnan vs. FH

**Til upplýsinga:** farið var yfir breyttar verklagsreglur starfsmanna vallarins sem ákveðnar voru í framhaldi af uppákomu eftir leik liðanna í Pepsideildinni.

fundi var slitið kl. 19:35, Ritað ÁÍP